


¹ Sjá <https://belgingur.eu/stories/comparisons-of-observed-and-simulated-weather/>



Mynd 2: Meðal villuhneigð (e. bias) fyrir vegghita á 90 stöðum á Íslandi (efri röð) og 400 stöðum í Finnlandi (neðri röð) yfir þrígga mánaða tímabil frá október til desember. Gögn frá Finnlandi eru unnin upp úr mynd 7 í grein V.E. Karisto frá 2024 (sjá <https://doi.org/10.5194/qmd-17-4837-2024>).

Það er mat okkar að enn sé töluvert svigrúm til að auka nákvæmni reikninga á vegghita. RoadSurf líkanið var t.d. keyrt án nokkurrar aðlögunar að íslenskum aðstæðum, þ.e. sú útgáfa sem hér er lýst var bestuð fyrir Finnland. Vert væri að gera frekari tilraunir þar sem stuðlar sem lýsa varmaflæði og varmarýmd í yfirborðslagi vega væri breytt til að lýsa betur aðstæðum hér á landi. Ennfremur væri æskilegt að lengja „blöndunartímabilið“ þar sem reiknað veður yfirtekur mælingar sem helsti drifkraftur vegveðurslíkansins. Loks má nefna að á síðustu árum hafa orðið miklar framfarir í eftirvinnslulausnum sem nýta sér gervigreind til að tvinna saman mælingar og reikniniðurstöður með það að augnamiði að bæta spár.